

Atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneytið
B.t. Ólafs Friðrikssonar skrifstofustjóra
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. júlí 2015

Efni: Hækkun magntolla á vörur fluttar inn á WTO-tollkvóta

Vísað er til auglýsingar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um WTO-tollkvóta, sem birt var á vef ráðuneytisins 27. maí síðastliðinn. Með samanburði við auglýsingar um WTO-kvótana sem birtust 9. maí 2014 sést að magntollar, sem lagðir eru á vörur sem flytja má inn á kvótunum, hækka um 7,1 til 7,5% á milli ára.

Með vísan til upplýsingalaga og hagsmuna matvælainnflytjenda í Félagi atvinnurekenda er hér með farið fram á að ráðuneytið afhendi öll gögn og útreikninga sem liggja að baki þessari tollahækkun, þ.m.t. afrit af öllum inn- og útsendum erindum og upplýsingum sem aflað var. Jafnframt er þess óskað að ráðuneytið rökstyðji ákvörðun sína til fulls og tilgreini á hvaða reglugerðar- og lagaákvæðum það byggir ákvörðun sína um hækkun tollanna, hvaða hagsmunir voru lagðir til grundvallar og með hvaða hætti hugað var að meðalhófi og hagsmunum neytenda.

Þess er óskað að erindi þessu verði svarað innan sjö virkra daga.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen,
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda